



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS Á JAFNRÉTTISÞINGI Í JAPAN

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur á morgun til Japans þar sem hann tekur þátt í jafnréttisþinginu World Assembly for Women (WAW!) 2022 í boði japanskra stjórnvalda. Undanfarin ár hafa Japanir litið til Íslands sem fyrirmyndar í leit að leiðum til umbóta á sviði jafnréttismála. Ísland hefur verið í efsta sæti jafnréttislista Alþjóðæfnaðsráðsins í rúman áratug en Japan er í 116. sæti.

Forseti lendir í Tókýó föstudaginn 2. desember og mun þann dag ræða við fulltrúa úr félagi japanskra kvenna í atvinnulífinu, Japan Association for Female Executives (JAFE). Þá mun hann eiga fund með forseta Moldóvu, Maia Sandu, sem einnig verður gestur japanskra stjórnvalda í tilefni jafnréttisþingsins. Um kvöldið býður forsætisráðherra Japans, Fumio Kishida, til kvöldverðar í Akasaka-höll þar sem forseti Íslands og forseti Moldóvu verða heiðursgestir.

Laugardaginn 3. desember hefst jafnréttisþingið World Assembly for Women (WAW!). Þingið hefur verið haldið frá árinu 2014 á vegum japanskra stjórnvalda til að framfylgja stefnu þeirra um aukið jafnrétti og aukna atvinnuþátttöku kvenna. Í þetta sinn er sérstök áhersla lögð á ávinning af því að jafna stöðu kynjanna í atvinnulífinu, með hliðsjón af nýrri efnahagsstefnu japanskra stjórnvalda. Forsætisráðherra Japans setur þingið en aðalræðumenn þess verða forseti Íslands og Sima Sami Babous, framkvæmdastýra UN Women. Forseti mun svo eiga tvíhliða fund með Kishida forsætisráðherra og taka þátt í pallborðsumræðum þar sem

sjónum verður beint að mikilvægi þess að virkja karlmenn til vitundar og þátttöku í jafnréttisstarfi og að samhæfingu atvinnu- og fjölskyldulífs.

Eftir hádegi þann dag heldur forseti til sveitarfélagsins Tama í vesturhluta Tókýó. Tama var gestgjafi íslenska hópsins á Ólympíuleikunum og Ólympíumóti fatlaðra í Japan 2021. Forseti mun funda með borgarstjórn Tama og þakka veittan stuðning við íslensku Ólympíuhópana. Síðdegis heldur forseti svo til fundar við Aya Komaki, forstjóra japanska fyrirtækisins Sanrio Entertainment sem á vinsæl japönsk vörumerki á borð við Hello Kitty. Komaki hefur vakið mikla athygli í Japan fyrir framsækna og fjölskylduvæna jafnréttisstefnu. Boðið verður til umræðufundar þar sem forseti og Komaki ræða jafnan rétt kynjanna í atvinnu- og fjölskyldulífi.

Sunnudaginn 4. desember bjóða japönsk stjórnvöld heiðursgestum WAW! þingsins til héraðsins Fukushima. Gríðarmikið hreinsunar- og uppbyggingarstarf hefur farið fram þar eftir kjarnorkuslysið í Daiichi kjarnorkuverinu í mars 2011. Ráðstafanir vegna geislavarna eru enn miklar við kjarnorkuverið en í Fukushima eru nú einnig stundaðar rannsóknir á endurnýjanlegum orkugjöfum, aukinni jarðvarmanýtingu og framleiðslu vetnis.

Að morgni 5. desember heldur forseti aftur til Tókýó. Þar efnir sendiráð Íslands til móttöku til heiðurs forseta með aðilum úr viðskiptalífinu í Japan. Dagskrá forseta endar svo síðdegis á mánudegi á málþingi sem sendiráð Norðurlanda í Tókýó efna til í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina undir yfirskriftinni *New form of capitalism in Japan and the Nordic Vision: Labor Participation, gender equality and work-life balance*. Forseti heldur aðalræðu auk ráðherra jafnréttismála í Japan, Masanobu Ogura. Rætt verður um hvernig norrænt velferðarkerfi getur orðið fyrirmynd við innleiðingu nýrrar efnahagsstefnu japanskra stjórnvalda.

Forseti flýgur frá Tókýó að kvöldi mánudagsins 5. desember.

30. nóvember 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).